

Skil grunn- og framhaldsskóla í ljósi nýrra laga – fundur haldinn í Laugalækjarskóla 29. apríl 2009

- Síðasti fundur Brúar á þessu skólaári
- Vekja athygli á sérstöku svæði Brúar á heimasíðu leik- og menntaráðs.
 - Þar er að finna dagskrá, fundargerðir og glærur
- Fara yfir dagskrá fundarins og fyrirkomulag
 - Umræðuefnið brennur á okkur, bæði nemendum, skólafólki og foreldrum. Þar sem við í grunn- og framhaldsskólunum störfum eftir nýjum lögum sem hafa ýmsar breytingar í för með sér hvað varðar síðasta sprettinn í grunnskólanum eða skólalokin- og framhaldsskólann sem mætir nemendum.

Námsmat:

- Það er augljóst að fjölbreytt námsmat er af hinu góða og með því að byggja námsmat á fjölbreytni er líklegra að nemendur sem eru eins ólíkir og þeir eru margir fá eins raunsætt mat og hægt er.
- Við störfum nú í umhverfi þar sem samræmd lokapróf eru aflögð.
- Nú byggir allt á skólaeinkunn sem er í mínum huga óformað hugtak og ég velti fyrir mér raunverulegu forspár gildi skólaeinkunnar hvað varðar námsframvindu í framhaldsskóla.
- Því spyr ég mig um jafnræðisregluna þar sem inntaka í framhaldsskóla og inn á ákveðnar brautir framhaldsskóla byggir á einkunn þar sem eftirspurn er meiri en framboð og nemendur teknir inn út frá einkunn. Nemendur eru að ljúka skyldunámi sem byggir á samræmdri námskrá en loka matið sem áframhaldandi nám byggir að stórum hluta á getur verið mjög mismunandi á milli skóla á meðan hugtakið skólaeinkunn hangir í lausu lofti.

Námsáhugi

- Vinna með nemendum snýst meira og minna um að byggja upp sjálfsmyndina og sjálfstraustið.
- Hver og einn nemandi þarf að finna til öryggis og líða vel í skólanum – það er undirstaða þess að ná árangri í námi. Eins og við vitum hefur það komið fram í niðurstöðum Pisa þegar bakgrunnsupplýsingar eru skoðaðar að í þeim skólum sem ná góðum árangri eru ánægðir, sterkir nemendur með góða siðferðiskennd.
- Hver og einn nemandi verður að vera sem best í stakk búinn til að velja áframhaldandi nám sem byggir á þekkingu, færni og áhuga

- Því er öflug vinna náms- og starfsráðgjafa með nemendum lykill að því að vel takist til.

Innritun í framhaldsskólann

- Nýr framhaldsskóli tekur til starfa haustið 2011.
- Eigum við eftir að sjá meiri sérhæfingu framhaldsskólanna eða verða þeir einsleitari?
- Verða - og eiga allir framhaldsskólarnir að vera tilbúnir til að mæta ólíkum þörfum nemenda ?